

72 að setja, að fengnum tillögum landlæknis, frekari reglur um notkun lyfjaskrár-
14. júlí innar og jafnframt veitt heimild til að veita undanþágu frá reglum lyfjaskrár-
innar um nokkur áhöld til rannsókna og lyfjatilbúnings, eftir því sem ástæður
þykja til.

Samkvæmt framansögðu skulu allar lyfjabúðir á Íslandi, frá 1. janúar 1951
að telja, vera skyldar að hafa birgðir af öllum þeim læknilyfum, er tilgreind eru
í téðri lyfjaskrá.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. júlí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Baldur Möller.

73

19. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um greiðslu launauppbótar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja
bráðabirgðalög um greiðslu launauppbótar. Með lögum nr. 56/1950 um
breytingu á lögum nr. 37/1943 um húsaleigu, er sett hámark húsaleigu, að
viðbættri visitöluuppbót, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði. Hámarks-
ákvæði laganna hafa áhrif til lækkunar yfirleitt á húsaleigu íbúðarhúsnæðis
og varð því ekki hjá því komizt fyrir kauplagsnefnd að taka fullt tillit til
nefndra laga og þeirrar lækkunar á framfærslukostnaði sem af þeim leiðir.

Vísitalan fyrir júlí hefur með tilliti til þessa verið ákveðin 109 stig og
mundi þá að óbreyttum lögum aðeins 5% launahækkun verða greidd til
ársloka. En þar sem áður greind lög um lækkun húsaleigu eru nýlega sett
og því ekki komin til framkvæmda nema að litlu leyti, þykir ekki sanngjarnt
að sú visitölulækkun, sem af þeim stafar, komi til framkvæmda nú nema
að litlu leyti. Þess vegna þykir rétt að ákveða, að 12% uppbót skuli greiða
á öll laun frá 1. júlí til 31. desember þessa árs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnar-
skrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. júlí til 31. desember 1950 skal greidd uppbót á laun, er miðast við visi-
tölu 112.

2. gr.

Útreikningur visitölu framfærslukostnaðar í desember næstkomandi og þar
á eftir samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1950 svo og launabreytingar í janúar 1951
og þar á eftir samkvæmt sömu lögum skulu fram fara með sama hætti og verið
hefði, ef 1. gr. laga þessara hefði ekki verið í lög tekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.